

um frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt þetta mál á fundum og fengið um það umsögn Fiskveiðasjóðs Íslands, Útvegsbanka Íslands, Landsbanka Íslands, Seðlabanka Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna. Hjá lánsstofnunum þeim, sem hér er um að ræða, eru skiptar skoðanir á frv., eins og það liggur fyrir, en L. Í. Ú. gerir tillögu um, að allmiklar breytingar verði gerðar á því.

Minni hl. fær ekki séð, að eins og sakir standa sé aðkallandi á þessu þingi að sameina Fiskveiðasjóð Íslands og Stofnlánadeild sjávarútvegsins eða skipta um stjórn Fiskveiðasjóðs, en hins vegar töluverðir gallar á efni frv. og undirbúningi málsins, eins og sumar umsagnirnar bera vitni um. Minni hl. telur því réttast að stefna að því að endurskoða frv. milli þinga í samráði við rétta aðila og með tillæti sjónarmið fyrir augum, en fáist ekki samþykkt að fresta málinu til næsta þings, vill hann til vara leggja til, að gerðar verði á frv. efnisbreytingar. Tillögur minni hl. eru að verulegu leyti samhljóða þeim brtt., er L. Í. Ú. hefur gert í svari sínu til nefndarinnar. Þess skal getið, að nefndin í heild stendur að nokkrum brtt., sem prentaðar eru á öðru þskj.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

#### RÖKSTUDRI DAGSKRÁ:

Með það fyrir augum, að frv. það, er fyrir liggur, um Fiskveiðasjóð Íslands, verði endurskoðað milli þinga í samráði við stjórnir Fiskveiðasjóðs Íslands, Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Landssambands ísl. útvegsmanna, og þá m. a. að því stefnt að auka fjármagn til stofnlána í þágu sjávarútvegsins, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

#### BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „í eigu ríkisins“ komi: upphaflega stofnaður með lögum nr. 52 10. nóv. 1905.
2. Við 4. gr. Við greinina bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:  
e. Framlag úr ríkissjóði 3 milljónir króna á ári.
3. Í stað orðanna „tveimur fulltrúum Landsbanka Íslands og tveimur fulltrúum Útvegsbanka Íslands“ komi: einum fulltrúa Landsbanka Íslands, einum fulltrúa Útvegsbanka Íslands, einum fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna og einum fulltrúa Alþýðusambands Íslands.
4. Við 10. gr. Í stað orðanna „Útvegsbankinn og forstjóri sjóðsins skulu“ komi: Forstjóri sjóðsins skal.
5. Við 13. gr. Í stað orðanna „og lán út á skip 15 ár“ komi: lán út á skip 20 ár, vélakaupalán 8 ár og tækjakaupalán 5 ár.
6. Við 14. gr. Greinin falli niður.
7. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Vextir af lánum Fiskveiðasjóðs til skipa skulu vera 4%, en af öðrum lánum 5½%, og greiðast eftir á á gjalddögum afborgana. Stjórn sjóðsins ákveður gjalddaga lána við hina ýmsu lánaflokkka. Dráttarvextir skulu vera ¾% fyrir hvern mánuð, sem greiðsla dregst. Auk matskostnaðar og annars beins kostnaðar skulu lántakendur greiða ¼% lántökugjald í varasjóð samkv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

Alþingi, 20. apríl 1966.

Jón Skaftason,                      Gísli Guðmundsson.  
frsm.